

Klæðumst bláu á **BLÁA DAGINN** föstudaginn 9. apríl

Í tilefni af vitundar- og styrktaráttakinu **BLÁR APRÍL** sem er nú haldið í áttunda sinn, eru börn og fullorðnir hvattir til að klæðast bláu föstudaginn 9. apríl til að sýna einhverfum stuðning og samtöðu. Við mælum með mismunandi bláum litum til að endurspegla það fjölbreytta litróf sem einhverfir lifa á. Undanfarin ár hafa margir brugðið á það ráð að birta myndir á samfélagsmiðlum með myllumerkinu **#blarapril** sem hefur lífgað upp á daginn og hjálpað til




við að breiða út boðskapinn

*Myndir frá Bláa deginum undanfarin ár **#blarapril***

Sem fyrr er það *Blár apríl - Styrktarfélag barna með einhverfu* sem að bláa deginum stendur. Markmið átaksins er að vekja athygli á einhverfu og safna fé til styrktar málefnum er varða börn með einhverfu. Öll starfsemi styrktarfélagssins er unnin í sjálfböðavinnu og allt styrktarfé rennur óskert til söfnunarátaksins.

Á fyrsta starfsári félagsins leiddi styrktaráttakið til þess að hægt var að gefa öllum grunnskólum landsins sérkennslugögn að andvirði fimm milljóna króna. Árið eftir var styrktarféð nýtt til að koma á námskeiði fyrir foreldra og aðstandendur barna með einhverfu, þátttakendum að kostnaðarlausu. Þörfin leyndi sér ekki og aðsóknin var slík að félagið hefur haldið námskeiðin æ síðar og þátttakendur farnir að nálgast 900. Gefið hafa verið út tvö vonduð fræðslumyndbönd um einhverfu sérstaklega ætlað börnum. Þar fóru *Ævar vísindamaður* og *drengurinn Dagur* ofan í saumana á einhverfu og svo kom út annað myndband með henni Maríu í aðalhlutverki. Síðustu mánuði hefur félagið í samstarfi við *Ég er unik*, *Aðalheiði Sigurðardóttur* verið með netfyrirlestra - gagnvirka og skemmtileg fræðslu um einhverfu. Þar sem *Aðalheiður* fer með þátttekendur í ferðalag um heilann og sjáum hvað gerist öðruvísi hjá

einhverfum heilum. Ætlað að auka skilning og samkennd.



*Úr fræðslumyndbandinu frá í fyrra: *Ævar vísindamaður* og *Dagur**

Leiðir til að styðja og styrkja málefnið:

- Klæðast bláu föstudaginn 9. apríl og birta myndir á samfélagsmiðlum merktum **#blarapril**
- Ræða við börnin ykkar um einhverfu og horfa saman á fræðslumyndböndin á blarapril.is
- Kaupa Bláu næluna, samstöðumerki átaksins, (eða aðrar vörur) á verslun.blarapril.is
- Einnig er tekið við frjálsum framlögum á blarapril.is
- Fylgjast með fréttum af áttakinu á facebook síðu styrktarfélagssins: facebook.com/einhverfa

Við þökkum fyrir stuðninginn og hlökkum til að sjá ykkur sem flest í bláu föstudaginn 9. apríl. Stöndum saman og fögnum fjölbreytileikanum. Því lífið er blátt á mismunandi hátt! **#blarapril**